

Sp.

57. Tillaga til þingsályktunar

[56. mál]

um skipan nefndar til þess að gera úttekt á „svartri atvinnustarfsemi“ og tillögur til úrbóta.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Davíð Aðalsteinsson,
Haraldur Ólafsson, Þórarinn Sigurjónsson, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að gera úttekt á „svartri atvinnustarfsemi“, þ. e. atvinnustarfsemi þar sem m. a. er komist hjá að greiða lögboðin opinber gjöld, og benda á leiðir til úrbóta.

Forsætisráðherra skipi formann nefndarinnar.

Nefndin skal skila tillögum sínum fyrir árslok 1986.

Greinargerð.

„Svarta atvinnustarfsemi“ á Íslandi má skilgreina á tvo vegu:

1. Skattsvik þar sem fjármunum er velt án þess að gerð séu skil á opinberum gjöldum eða staðið við aðrar þær reglukvaðir sem almennur atvinnurekstur verður að hlíta.
2. Starfsemi án tilskilinna leyfa og réttinda.

Hér skal ekki fullyrt hversu stórt og víðtækt þetta vandamál er, upplýsingar um það liggja ekki fyrir. Það er hins vegar mat þeirra er um hafa fjallað að umfang þess sé mikið. Hér er um að ræða óþolandi mismunun milli einstaklinga og fyrirtækja. „Svört atvinnustarfsemi“ raskar grundvelli eðlilegrar samkeppni milli þeirra sem slíka atvinnu stunda og þeirra sem reka fyrirtæki sín eftir settum reglum og gera skil á sköttum og skyldum. Fyrirsvarsmenn þeirra fyrirtækja krefjast þess að samkeppnisstaðan verði í þessu efni jöfnuð.

Iðnþing Íslendinga hefur á undanförunum árum fjallað ítarlega um starfsemi af þessu tagi og leitað leiða til að sporna við þessari spillingu. Það er ástæða til að fagna því sérstaklega að Landssamband iðnaðarmanna hefur lýst sig reiðubúið til samstarfs ef það mætti verða til að finna orsök þessa vanda. Á 40. iðnþingi 1983 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Koma þarf á samstarfi ríkisvaldsins og samtaka fyrirtækja, sem rísa undir því nafni, til þess að uppræta svarta atvinnustarfsemi, enda eiga þessir aðilar sameiginlegra hagsmuna að gæta í þessum málum. Landssamband iðnaðarmanna vill leggja sitt af mörkum til að koma slíku samstarfi á og óskar eindregið eftir því að ríkisvaldið hafi forgöngu um þá samvinnu.“

Í stefnuskrá, sem samþykkt var á 39. iðnþingi, segir m. a.:

„Ríkisvaldið, sveitarfélög o. fl. aðilar, sem reka alls konar þjónustu, t. d. viðhalds- og viðgerðarþjónustu, í tengslum við starfrækslu ýmissa stofnana sinna og fyrirtækja, ættu að meta hagkvæmni þessara eigin þjónustudeilda út frá því að skatta og skyldur bæri að greiða af þeim. Af þessari „eiginþjónustu“ er lítið sem ekkert greitt í skatta, t. d. í söluskatt. Sé þessi þjónusta hins vegar veitt af almennum fyrirtækjum sem sérhæfa sig í slíkri þjónustu er hún margskattlögð. Hér má því segja að fjölmargir aðilar, m. a. opinberar stofnanir, leggi stund á nokkurs konar svarta atvinnustarfsemi.

Iðnlöggjöfin er m. a. sett til að tryggja atvinnuréttindi iðnaðarmanna í löggiltum iðngreinum. Atvinnuréttindi fjölmargra annarra stétta-eru nú á tímum lögvernduð og þeim lagaákvæðum virðist fylgt eftir af ríkisvaldinu. Þess er krafist að iðnréttindi njóti sama réttar í þessu efni, en verði ekki hornreka í kerfinu.

Iðnaðarlögin eru ekki síður sett í þeim tilgangi að gæta hagsmuna neytenda og tryggja þeim góða og faglega þjónustu og/eða framleiðsluvörur af hendi þeirra sem reka löggiltar